



STARFSÁÆTLUN

TÁLKNAFJARÐARSKÓLI 2025-2026

Efnisyfirlit

Inngangur	3	Viðbrögð við óveðri	14
Áherslur í skólastarfi 2025-2026	3	Áfengis- og fíknivarnir	15
Hagnýtar upplýsingar um skólann	3	Eineltisáætlun	15
Opnunartími	3	Öryggisáætlun	15
Forföll/leyfi nemenda	4	Áfallaáætlun	15
Skólinn í tölum	4	Áætlanir og stefnur	16
Námsgögn	4	Innra mat	17
Frístund	4	Lokaorð	18
Skólabókasafn	5		
Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf nemenda	5		
Skipulag	6		
Skóladagatal Tálknafjarðarskóla	6		
Starfsáætlun nemenda	6		
Stóra upplestrarkeppnin	7		
Íþróttamót	7		
Valgreinar	7		
Stundaskrá 2025-2026	8		
Nemendastýrð foreldraviðtöl	8		
Mannauður	9		
Stjórnskipulag skólans, skipurit	10		
Skólastjóri	10		
Skólaráð	10		
Foreldrafélag	10		
Skólabragur, skólareglur og ástundun	11		
Heilsuvernd grunnskólabarna í Vesturbyggð ...	11		
Lausnateymi skóla	13		
Tilvísun og samráð við foreldra	13		
Einstaklingsnámskrár	13		
Talþjálfun og sálfræðiþjónusta	13		
Námsráðgjöf	13		
Áætlanir og stefnur	14		
Móttaka nýrra nemenda	14		
Læsisstefna	14		
Rýmingaráætlun	14		

Inngangur

Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, skólaþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru birtar upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla er árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún sé unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Áherslur í skólastarfi 2025-2026

Tálknafjarðarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 10. bekk. Í húsinu er jafnframt leikskóladeildin Vinabær. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leik- og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska.

Helstu áherslur í skólastarfi Tálknafjarðarskóla eru fjölbreytt og skapandi nám þar sem einstaklingsmiðun er sett á oddinn. Samvinna allra í skólasamfélaginu þar sem faglegt lærdómssamfélag og fagleg samstarfsmenning er einnig einn af áherslupáttunum. Á þessu skólaári verður áfram unnið með skapandi verkefni og skilgreindar námsgreinar í samræmi við áherslur í [námsvísi ársins](#). Lögð verður sérstök áhersla á námsmat og hvernig það birtist nemendum og foreldrum/forsjáaraðilum í skólastarfinu og endurskoðun á skólanámskránni í heild sinni.

Heillaspor (Nurture) er verkefni sem Tálknafjarðarskóli tekur þátt í að innleiða ásamt öllum leik- og grunnskólum Vesturbyggðar. Heillaspor snýst um að mæta grunnþörfum barna á leik- og grunnskólaaldri enn betur sem og félagslegum og námslegum þörfum.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Tálknafjarðarskóli

Sveinseyri

460 Tálknafirði

Sími: 450-2337

Netfang: talknafjardarskoli@vesturbyggd.is

[Heimasíða Tálknafjarðarskóla](#) – Nýja heimasíðan. Gögnin munu smá saman birtast hér.

Á meðan heimasíða skólans er í vinnslu og verið er að flytja gögnin yfir er hægt að finna eldri áætlanir á gamla heimasvæðinu [Hlekkur á gömlu síðuna er hér](#).

Skólastjóri: Rakel Guðfinnsdóttir

Opnunartími

Skólinn er opin frá kl. 7:45-16:00 alla virka daga. Leikskóladeildin Vinabær er opin frá kl. 7:45-16:15 alla virka daga.

Forföll/leyfi nemenda

Forfallatilkynningum er hægt að koma á framfæri í síma 450 2337, á vef Mentor eða með tölvupósti til umsjónarkennara eða skólustjóra.

Leyfi til lengri tíma en 2ja daga þarf að sækja um rafrænt í íbúagátt á vef [Vesturbyggðar](#) og verður henni komið áleiðis til umsjónarkennara. Öll röskun á námi nemanda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna sbr. 15. grein grunnskólalaga frá 2008 sem hljóðar svo:

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólustjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Um áherslur í námi: Áherslur og verkefni vísast til upplýsinga í [Askinum](#) (og í samráði við kennara). Kennurum Tálknafjarðarskóla er ekki skylt að útbúa sérstakar áætlanir eða verkefnapakka fyrir nemendur á meðan á leyfi þeirra stendur enda er nám barnsins þá á ábyrgð foreldra. Foreldrar hafa aðgang að verkefnum nemenda í gegnum **Askinn** – askurinn.learncove.com

Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein er sótt um það skriflega til skólustjóra sem leggur umsókn fyrir farsældarráð Vesturbyggðar til umsagnar.

Skólinn í tölum

- Fjöldi kennslustunda eru samkvæmt viðmiðunarstundatöflu:
 - 1.-4. bekkur (1. bekkur: 8 nemendur, 4. bekkur: 7. nemendur), 30 kest. á hvern bekk
 - 6.-7. Bekkur (5. bekkur: 14 nemendur, 6. bekkur: 5 nemendur, 7. bekkur 11 nemendur) 35 kest. á hvern bekk
 - 8.-10. Bekkur (8. bekkur 10 nemendur, 9. bekkur 7 nemendur, 10. bekkur 11 nemendur) 37 kest. á hvern bekk
- Fjöldi stöðugilda í kennslu: 5,8
- Fjöldi stöðugilda í stjórnun: 1,2
- Fjöldi stöðugilda í stoðþjónustu: 1
- Fjöldi stuðningsfulltrúa: 1,5
- Fjöldi stöðugilda í Vinabæ: 2
- Önnur stöðugildi: 1

Morgunmatur, mötuneyti og nesti

Í grunnskólanum er ávaxtastund kl: 9:50-10:00. Í leikskólanum er morgunmatur frá 8:00-8:30 og er matseðill í endurskoðun. Hádegismatur er frá kl: 11:30-12:00, bæði fyrir leik- og grunnskóla. Hádegismatur er eldaður af matráði skólans og er hægt að sjá matseðilinn [HÉR](#).

Námsgögn

Öll námsgögn sem nemendur þurfa í skólann eru greidd og sköffuð af sveitarfélaginu. Nemendur þurfa þó að útvega sér viðeigandi íþrótta- og sundfatnað. Hver nemandi á mið- og unglingastigi hefur Chrome book tölvu til afnota.

Frístund

Frístund er starfrækt við Tálknafjarðarskóla. Þar býðst nemendum í 1.-4. bekk að dvelja frá skólalokum til kl. 16:00 alla skóladaga. Boðið er upp á síðdegishressingu í frístundinni alla daga. Í frístundinni una nemendur inni og úti við leik og störf undir umsjón starfsmanna en leikskóladeildin Vinabær og frístundin sameinast stundun í útiveru og verkefnavinnu. Ákveðin þematengd verkefni eru í gangi flesta daga. Allar almennar hegðunar- og umgengni reglur skólans gilda með Uppbyggingarstefnuna að leiðarljósi.

Frístundin er opin alla skóladaga samkvæmt útgefnu skóladagatali. Val er um að hafa nemendur í frístundinni til kl. 15:00 eða 16:00, 2-5 daga í viku. Nemendur eru sendir heim að frístund lokinni. Skrá verður nemendur í mánuð í senn en ef dvöl er ekki sagt upp fyrir mánaðarmót er gert ráð fyrir áframhaldandi dvöl. Nemendur fara á íþróttæfingar og Tónlistarskólann úr frístundinni. Það hefur ekki áhrif á gjaldið. Greiðsluseðlar eru sendir út mánaðarlega. Systkinaafsláttur er samtengdur milli leikskóla og frístundar.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort sumarfrístund verði í boði sumarið 2026. Foreldrar verða upplýstir þegar ákvörðun um það liggur fyrir.

Tilkynna þarf til starfsmanns tilfallandi breytingar á dvalartíma, t.d. ef þau eru að fara annað eftir skóla eða veikindi og leyfi. Skráningu og breytingar á dvalartíma á að tilkynna með sérstöku eyðublaði á [íbúagátt](#) á heimasíðu [Vesturbyggðar](#).

Skólabókasafn

Í Tálknafjarðarskóla er skólabókasafn og þar er starfsmaður sem tekur á móti námshópum.

Helstu verkefni starfsmanns bókasafnsins eru:

- Kennsla og ráðgjöf: Kennsla í heimildanotkun og heimildaskráningu. Kennsla fer fyrst og fremst fram í tengslum við heimildavinnu.
- Safnkynning. Allir nemendur fá sérstaka kynningu á starfsemi safnsins í upphafi skólagöngu sinnar.
- Miðlun og ráðgjöf til kennara: Kynning á starfsemi safnsins s.s. fyrirkomulag útlána, útlánstími, umgengisreglur.
- Miðlun og ráðgjöf til nemenda: Ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleit í bókum.
- Ráðgjöf til nemenda við val á lestrarefni.
- Útlán og móttaka gagna.

Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf nemenda

Venjulega eru tvær félagsmiðstöðvar starfræktar í Vesturbyggð. Félagsmiðstöðin Vest-End á Patreksfirði er til húsa að Aðalstræti 71 A. Félagsmiðstöðvastarfið er ætlað unglingum úr 8.-10. bekk en nemendur í 7. Hafa fengið að mæta á sértaklega auglýsta viðburði. Nemendur í 5. - 6. bekk hafa fengið að mæta aðra hverja viku á auglýsta viðburði í Vest-End. Þegar þetta er ritað er ekki ljóst hvert fyrirkomulagið verður í ár.

Við Tálknafjarðarskóla verður starfrækt **nemendaráð** sem skipuleggur félagslíf innan skólans. Upplýsingar um hverjir verða í nemendaráði munu birtast [hér](#).

Skipulag

Nemendur: Fjöldi í árgöngum og umsjónarkennarar 2024-2025

	Nemendur	Umsjónarkennarar
Leikskóladeild	5	Deildarstjóri: Jessika Aritzabel G. Gomez.
1. bekkur	5	Umsjónarkennari: Solveig Björk Bjarnadóttir
2. bekkur	0	
3. bekkur	0	
4. bekkur	1	
5. bekkur	0	Umsjónarkennari: Helga Birna Berthelsen
6. bekkur	4	
7. bekkur	2	
8. bekkur	4	Umsjónarkennari: Halla Ólöf Jónsdóttir
9. bekkur	1	
10. bekkur	6	
	Samtals 28	

Skóladagatal Tálknafjarðarskóla

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Á skólaárinu 2024-2025 eru alls átta skertir dagar, en það eru dagar þegar nemendur mæta aðeins hálfan eða hluta úr degi. Þetta eru m.a. skólasetningardagur og skólaslitadagur, auk tveggja foreldraviðtalsdaga, litlu jólin, öskudagur og einn vordagur. Jólaleyfi nemenda í 1.-10. bekk er frá 20. desember til og með 2. janúar. Páskaleyfi nemenda í 1.-10. bekk er frá 14. apríl – 21. apríl. Skipulagsdagar eru fimm á skólaárinu og vetrarfrí eru fjórir dagar, 28. og 29. október og 7. og 10. Mars.

[Skóladagatalið er aðgengilegt hér.](#)

Starfsáætlun nemenda

Dags.	
20. ágúst	Skólasetning
30. september	Skipulagsdagur
4. október	Nemendastýrð foreldraviðtöl
10. október	Íþróttadagur unglíngastígs í Bolungarvík
17. október	Íþróttadagur miðstígs á Bíldudal Nemendur miðstígs á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði hittast og keppa saman í blönduðum hópum í nokkrum íþróttagreinum. Dagurinn endar á pizzahlaðborði og sundi ef hægt er.
27. - 28. október	Vetrarfrí
30. október	Starfsdagur

8. nóvember	Baráttudagur gegn einelti Viðburður eða táknrænn atburður sem hvetur til jákvæðra samskipta og efla vináttu og deila myndum á samfélagsmiðlum með myllumerkinu #dagurgegneinelti
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
20. nóvember	Haldið upp á dag mannréttinda barna sem var 20. nóvember. UNESCO
19. desember	Litlu jólin
2. janúar	Starfsdagur
6. febrúar	Dagur leikskólans
10. febrúar	Starfsdagur
14. febrúar	Nemendastýrð foreldraviðtöl
5. mars	Öskudagsgleði
7. og 10. mars	Vetrarfrí
10. apríl	Árshátíð, uppskeruhátíð sköpunarlotu
14. – 21. apríl	Páskafrí í grunnskólanum
2. maí	Starfsdagur
15. maí	Alþjóða fjölskyldudagurinn - UNESCO
26.-28. maí og 30. maí	Vordagar Nemendur taka þátt í fjölbreyttri dagskrá þar sem lögð er áhersla á útivist og náttúruvernd. Þessir dagar eru skertir.
2. júní	Skólaslit

Stóra upplestrarkeppnin

Á degi íslenskrar tungu hefst undirbúningur stóru upplestrarkeppninnar hjá nemendum í 7. bekk. Um vorið fer svo sjálf keppnin fram og sjá grunnskólarnir í Vesturbyggð um að skipta keppninni á milli sín. Nemendur fá texta til að æfa sig undir stjórn umsjónarkennara. Þrjú efstu sætin í stóru upplestrarkeppninni fá verðlaun. Kennarar vinningshafa fá viðurkenningarskjal. Menningar- og ferðamálafulltrúi Vesturbyggðar skipuleggur viðburðinn.

Íþróttamót

Sameiginleg íþróttamót eru haldin fyrir nemendur í grunnskólum Vesturbyggð, mótin eru haldin til skiptis á stöðunum og farið í rútu á milli. Íþróttamót fyrir 8.-10. bekk eru haldin að hausti og fyrir nemendur í 5.-7. bekk að vori. Nemendum er blandað í lið óháð skóla. Ekki er önnur kennsla hjá viðkomandi nemendum þennan dag en kennarar taka þátt í vinnu við mótin. Íþróttakennarar skipuleggja.

Valgreinar

Valtímar eru 7 kennslustundir á viku og eru nemendur beðnir um að velja í 1. eða 2. sæti eftir áhuga. Þrátt fyrir að valgreinar gefi nemanda meira val um nám sitt eru gerðar sömu kröfur til hans í valgreinum og öðrum greinum.

Valgreinar haustönn
Ljósmyndaval
Leikskólaval

Val utan skóla: Heimilt er samkvæmt Aðalnámskrá að fella niður allt að 4 tíma, 160 mínútur úr vali vegna þátttöku nemenda í skipulögðu tómstunda- og æskulýðsstarfi óski nemendur og foreldrar eftir því. Foreldrar bera alfarið ábyrgð á því að nemendur stundi slíkt og skili staðfestingu óski skólinn eftir því. Að hausti þarf að skila staðfestingu á að nemandinn leggi stund á starf sem meta má og síðar á skólaárinu er kallað eftir upplýsingum um frammistöðu og ástundun nemenda í metna valinu.

Þegar nemandi velur sér námsgreinar eru þeir beðnir um að hafa eftirfarandi í huga:

- framtíðaráform
- áhugasvið
- styrkleika

Ef nemendur þurfa einhverja hluta vegna að skipta um valgrein þegar liðið er á skólaárið skal óska eftir því við skólastjóra og það er þá gert í samráði við foreldra. Þó nemendur velji sér greinar er nám í valgreinum ekki frábrugðið námi í öðrum greinum. Gerðar eru kröfur til nemenda í samræmi við aldur þeirra og hæfni eins og í öðrum greinum. Valið er í samráði við foreldra, þegar nemandinn er búinn að velja skrifa foreldrar undir valið.

Stundaskrá 2025-2026

Í stundatöflu Tálknafjarðarskóla eru flestar kennslustundir ýmist 40 eða 60 mínútur að undanskildum jóga/yndislestri (10 mín x4 í viku) og söngstund (20 mín x1 í viku). Fyrsta kennslustund hefst kl. 8:10 (joga/yndislestur) og síðustu kennslustundum er lokið kl. 14:00. Hádegishlé er 30 mínútur og hefst kl. 11:30 hjá öllum nemendum. Á morgnana eru frímínútur kl. 10:00-10:20 en eftir hádegi er hlé kl. 11:50-12:00. 1.-7. bekkur eru úti í frímínútum en 8.-10. bekkur getur valið að vera inni. Skólaárið skiptist í 6 vikna lotur sem helgast af grunnþáttum menntunar.

Eftir hverja lotu er námsmat byggt á hverjum áhersluþáttum sem fram koma í [Námsvísi skólans](#).

Foreldrasamskipti

Haustfundur er haldinn með foreldrum að hausti. Þá eru hæfniviðmiðin og námsloturnar kynntar ásamt áhersluþáttum skólaársins. Á föstudögum eru rafræn fréttabréf send til foreldra með helstu viðburðum liðandi viku með áherslu á námslega þætti. Allir kennarar eru með fasta viðtalstíma og eru foreldrar hvattir til að hafa samband hvort sem er í síma eða tölvupósti.

Nemendastýrð foreldraviðtöl

Nemendastýrð foreldraviðtöl fara fram tvisvar sinnum á skólaári, í október og febrúar. Nemendastýrð viðtöl með foreldrum/forsjáraðilum geta verið afar valdeflandi og undirstrikað áhrif og ábyrgð nemenda á eigin námi. Skipulag nemendastýrðra viðtala með foreldrum/forsjáraðilum tekur eðlilega mið af þroska og reynslu nemenda. Viðtölin þarf að undirbúa vel svo öllum nemendum sé ljóst hvaða væntingar séu gerðar til þeirra. Með hverju árinu er svo bætt við fleiri áhersluþáttum. Samræður nemenda og kennara um það sem ætti að einkenna gott viðtal eru nauðsynlegar en í kjölfarið eru útbúin viðmið fyrir viðtal með forsjáraðilum. Nemendur skrifa undir fundarboð til foreldra/forsjáraðila, fá tækifæri til að velja viðeigandi gögn til að sýna á fundinum og undirbúa kynninguna t.d. með námsfélaga. Fyrir fundinn eru öll gögn til staðar og búið að fara yfir markmið og skipulag fundarins.

Tilgangur fundarins er sá að nemandi geri foreldrum/forsjáraðilum sínum grein fyrir þeim markmiðum sem nemandinn stefnir að, hvar hann er staddur í tilteknum áhersluþáttum og hvað það þurfi að gera til að brúa bilið þar á milli. Kennari heldur sig til hlés meðan á kynningu nemandans stendur, grípur aðeins inn í ef nauðsynlegt er og svarar spurningum sem beint er til hans. Foreldrar/forsjáraðilar fá tækifæri til að spyrja

nemandann út í námið, sjá dæmi um framfarir og ræða málin. Hugsanlega geta foreldrar/forsjáraðilar bent nemandanum á lausnir sem geta falist í aðstoð heima fyrir. Nemandinn getur einnig gengið með foreldrum/forsjáraðilum sínum um stofuna eða skólann til að sýna þeim fleiri verkefni. Eftir því sem nemendur þroskast og reynsla þeirra eykst bætast fleiri námsgreinar og áherslupættir við en hlutverk kennarans er fyrst og fremst fólgið í því að undirbúa nemendur fyrir markvisst samtal og vera til staðar á fundinum.

Það fer eftir stigum hvað fer fram í hverju viðtali fyrir sig en það er alltaf ákveðinn rammi sem afmarkar viðtölin. Nemendastýrt viðtal að hausti byggir á fyrstu lotunni og þeim markmiðum sem nemendur setja sér. Markmiðum vetrarins er svo fylgt eftir í samtölum við nemendur. Nemendastýrða viðtalið að vori byggir á stöðu hæfniviðmiða og markmiðasetningu. Fyrirkomulag nemendastýrðra foreldraviðtala er ætlað að virkja og valdefla nemandann með það að markmiði að auka trú hans á eigin getu. Markmiðið er að nemandinn geti haft áhrif á og tjáð sig um nám sitt, viti hvar hann er staddur, hvert hann stefnir og hvað er góður árangur.


Mannauður

Við skólann starfa alls 15 starfsmenn, skólastjóri, kennarar, leiðbeinendur og stuðningsfulltrúar. Eftirtaldir starfsmenn starfa við Tálknafjarðarskóla skólaárið 2025-2026:

Nafn	Starfsheiti
Hafðís Helga Bjarnadóttir	Kennari á elsta stigi
Halla Ólöf Jónsdóttir	Umsjónarkennari á elsta stigi
Helga Birna Berthelsen	Umsjónarkennari á miðstigi
Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir	Stuðningsfulltrúi og aðstoð í mötuneyti
Jenný Lára Magnadóttir	Matráður
Jessika Aritzabel G. Gomez	Deildarstjóri leikskóladeildar
Lára Eyjólfsdóttir	Leiðbeinandi og stuðningsfulltrúi
Marion Worthmann	Tónlistarkennari og leiðbeinandi
Monika Wasilewska	Stuðningsfulltrúi á leikskóladeild og ræsting
Pawel Florczyk	Íþróttakennari
Rakel Guðfinnsdóttir	Skólastjóri
Solveig Björk Bjarnadóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi
Unnur Hafstað Ármannsdóttir	Stærðfræðikennsla á unglingastigi
Valgerður Guðbjörg Gestsdóttir	Leiðbeinandi og stuðningsfulltrúi
Þórunn María Jörgensdóttir	Stuðningsfulltrúi og umsjón með frístund

Trúnaðarmaður kennara: Solveig Björk Bjarnadóttir

Stjórnskipulag skólans, skipurit



Skólastjóri

Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri fjölskyldusviðs Vesturbyggðar. Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á rekstri skólans og veitir skólanum faglega forystu.

Starfslýsingar allra starfsmanna er að finna á heimasíðu skólans. Starfslýsingarnar verða endurskoðaðar í vetur.

Skólaráð

Fyrirhugað er að halda þrjár fundi í skólaráði. Einn í nóvember, einn í janúar og einn í mars.

Starfshættir skólaráðsins verða mótaðir á árinu og formgerðir. Eldri fundargerðir verða nýttar til að byggja starfsemina á í vetur auk leiðbeininga frá Umboðsmanni barna um skólaráð.

Foreldrafélag

Foreldrafélag starfar við Tálknafjarðarskóla. Hér verða nöfn þeirra sem starfa í vetur aðgengileg.

Starfsþróunaráætlun

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sæki skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknu mæli á starfstíma skóla.

Starfsþróun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra. Tími til starfsþróunar kennara markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 102 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt kennurum.

Kennarar fylla út sérstakt eyðublað um sína eigin starfspróun. Kennarar fylla út starfspróunareyðublaðið eða setja í vinnustund og halda þar með utan um sína starfspróun sjálfir. Kennarar taka samt sem áður þátt í þeim námskeiðum sem fræðslustjóri og skólastjóri leggja til í samræmi við áherslur skólans.

Ár hvert metur skólastjóri þörf á símenntun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans. Skólastjóri fylgist með að starfspróun sé sinnt og heldur utan um þá starfspróun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá þá starfspróun sem þeir taka þátt í og skila til skólastjóra en gera grein fyrir sínum símenntunar áformum í starfspróunarviðtali. Hver og einn kennari ber ábyrgð á að meta eigin færni út frá viðmiðum úr hæfniramma ríkisins með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, sjá nánar hér: <https://island.is/reglugerdir/nr/1355-2022>. Samkvæmt reglugerðinni þurfa kennarar að hafa C1 færni í íslensku til þess að geta sinnt kennslu í leik- eða grunnskólum (Evrópski tungumálaramminn).

Starfspróunaráætlun skólans ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfspróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra

Áherslur í starfspróun 2025-2027

Áherslur í starfspróun kennara í Vesturbyggð:

- Nurture (lýkur vorið 2027)
- Námsmat og leiðsagnarnám (samræmt verklag kennsluáætlana og skráningu á námsmati).
- Endurskoðuð hæfniviðmið Aðalnámskrár áhersluþáttur skólaárið 2026-7 og endurskoðun á skólanámskrám.

Starfspróun fer fram á starfsdögum og á vinnufundum með kennurum.

Skólabragur, skólareglur og ástundun

Samskipti og skólaandi

Leik- og grunnskólarnir í Vesturbyggð vinna eftir áherslum heillaspora um samskipti og skólaanda. Í vetur mun innleiðingarstjóri Heillaspora Arnheiður Jónsdóttir leiða vinnu við endurskoðun á skólareglum skólanna og viðbrögðum við þeim.

Heilsuvernd grunnskólabarna í Vesturbyggð

Heilsuvernd grunnskólabarna í Vesturbyggð er á vegum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Markmið þessarar þjónustu er að efla heilbrigði og vellíðan nemenda og byggir hún á samvinnu við forsjáraðila, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að velferð barna.

Skólahjúkrunarfræðingur er Þórhildur María Jónsdóttir. Viðvera hennar er ein vika í mánuði og er þá auglýst með fyrirvara. Utan þessa tíma er hægt að hafa samband við Árnýju Magnúsdóttur, deildarstjóra heilsugæslunnar á Patreksfirði (arny.magnusdottir@hvest.is, sími 450-2000). Netfang skólahjúkrunarfræðings er thorhildur.m.jonsdottir@hvest.is. Allar upplýsingar eru skráðar í rafræna sjúkraskrá og eru þær ávallt ítrustu trúnaðarmál.

Ef slys verður á skólatíma veitir starfsfólk skóla fyrstu hjálp. Ef þörf er á frekari hjálp á heilsugæslu sér forsjáraðili um að fylgja barni.

Skólahjúkrunarfræðingi ber að vera upplýstur um öll börn sem eru með fötlun, langvinna sjúkdóma eða alvarlega heilsuvanda (s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingarsjúkdóma). Unnið er í samráði við foreldra og starfsfólk skóla til að tryggja aðstæður og umönnun. Samkvæmt tilmælum landlæknis eru vinnureglur um lyfjagjafir á skólatíma. Mikilvægt er að forsjáraðilar barna sem þurfa lyf á skólatíma hafi samband við skólahjúkrunarfræðing.

Mánaðarlegt skipulag fræðslu og bólusetninga

- **September:** Skimun (1. bekkur). Bólusetning MMR og HPV (7. bekkur)
- **Október:** Skimun (7. bekkur). Fræðsla: Kvíði (4. bekkur), Geðheilbrigði (10. bekkur)
- **Nóvember:** Skimun (4. bekkur). Fræðsla: Kynþroski og Endurlífgun (6. bekkur)
- **Desember:** Fræðsla: Endurlífgun (8. og 10. bekkur)
- **Janúar:** Skimun (9. bekkur). Bólusetning Repevax. Kynheilbrigði (9. bekkur)
- **Febrúar:** 6H verkefni (3. bekkur). Slysavarnir (4. bekkur). Hugrekki og sjálfsmynd (8. bekkur)
- **Mars:** „Líkaminn minn“ (1. bekkur). Tilfinningar (2. bekkur). Samskipti (5. bekkur). Ábyrgð (10. bekkur)
- **Apríl:** HPV seinni bólusetning (7. bekkur)
- **Mái:** Hjálmafræðsla (1. bekkur)

Starfsemin byggir á leiðbeiningum Þróunarmiðstöðvar Íslenskrar heilsugæslu og unnin er í náinni samvinnu við öll viðeigandi ábyrgðar- og samstarfsaðila. Nánari upplýsingar má finna á: [Þróunarmiðstöð heilsugæslu](#), [Heilsuveru](#) og [Tilmæli landlæknis um lyfjagjafir í skóla](#)

Stoðþjónusta nemenda

Samkvæmt Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 á skólinn „að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“ Í reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 er áréttað að allir nemendur eigi að fá „jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra.“

Sameiginlegt nemendaverndarráð – Stoðþjónustuteymi

Stoðþjónustuteymi er sameiginlegt, þverfaglegt teymi leik- og grunnskóla Vesturbyggðar. Fulltrúi frá fjölskyldusviði (fræðslu- og velferðarmál) heldur utan um fundi teymisins. Fundagerðir eru ritaðar og geymdar á öruggum rafrænum vettvangi sem aðeins fulltrúar í teyminu hafa aðgang að. Teymið fundar tvisvar í mánuði á starfstíma skólanna.

Stoðteymið sinnir jafnframt hlutverki nemendaverndarráðs skólanna. Teymið tryggir þverfaglegan stuðning, samræmingu og samræmt verklag um inngrip og stuðning við börn. Teymið tryggir samfellu í farsæld nemenda og tryggir að innan skólanna sé gripið til viðeigandi lausna í námsumhverfi nemenda samkvæmt ákveðnu verklagi.

Hlutverk stoðþjónustuteymis er að samræma stoðþjónustu við börn í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Teymið hefur yfirsýn yfir mál er varða sérkennslu, sérfræðiþjónustu og forvarnir, og samhæfir aðgerðir og íhlutun milli skóla, skólaþjónustu, félagsþjónustu og annarra þjónustuaðila. Einnig ber teyminu að tryggja samfellu og eftirfylgni með stuðningi og sérfræðiþjónustu milli skóla, sem og að skipuleggja sérfræðiþjónustu, fræðslu og stoð við starfsmenn skóla.

Í teyminu eiga sæti fulltrúar skólanna og eftir þörfum eru kallaðir til aðilar á borð við sálfræðing, talmeinafræðing og náms- og starfsmálaráðgjafa. Fulltrúar heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu eiga ætíð fasta aðild að teyminu.

Í stoðþjónustuteyminu sitja einnig tengiliðir farsældar og mynda þeir megin samræmingarteymi farsældar í Vesturbyggð. Unnið er í nánú samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu að innleiðingu farsældarlaganna og samræmingu þjónustu við börn innan skóla.

Lausnateymi skóla

Hver leik- og grunnskóli hefur sitt eigið lausnateymi sem hefur það hlutverk að styðja við kennara í að mæta þörfum nemenda, móta lausnir og úrræði innan bekkjar og skólaumhverfis og tryggja faglegt samráð og áætlunargerð á forstigi. Ferlið byggir á skjalinu *Leiðir til lausna*, þar sem kennari (eða foreldri) lýsir áhyggjum sínum fyrir stjórnanda teymisins, sem kallar saman fund. Teymið leggur þá til viðeigandi aðgerðir. Ef úrræðin bera ekki árangur er málið sent áfram til stoðþjónustuteymis.

Á sama hátt getur stoðteymið vísað málum til lausnateymis hvers skóla ef ekki þykir fullreynt að aðlaga námsumhverfi nemenda áður en farið er út í flóknari inngrip með nemandanum.

Tilvísun og samráð við foreldra

Allt ferlið er unnið í samráði við foreldra. Tilvísun fer fram með sérstöku **tilvísunareyðublaði** sem foreldrar skrifa undir.

Einstaklingsnámskrár

Einstaklingsnámskrá eru útbúnar í þeim tilvikum þar sem ljóst er að nemendur geti ekki fylgt megináherslum Aðalnámskrár grunnskóla. Einstaklingsnámskráin er sniðin að nemandanum og hans þörfum, s.s. áhugasvið, styrkleikum, náms- og félagsstöðu. Áhersla er á að setja fram stutt og metanleg markmið sem endurskoðuð með reglubundnum hætti yfir skólaárið. Sérkennari ásamt umsjónarkennara ber ábyrgð á að gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir nemanda. Er hún unnin í samráði við foreldra og nemendur.

Talþjálfun og sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta er á vegum Litlu kvíðameðferðarstöðvarinnar og talmeinafræðingur er á vegum Tröppu þjónustu. Skólasálfræðingar Litlu KMS gera frumgreiningar á frávikum í þroska. Einnig veita þau ráðgjöf til skóla, foreldra og barna vegna vægari frávika í hegðun og líðan.

Þegar foreldrar óska eftir sérfræðiþjónustu fyrir börnin sín fer beiðnin fyrir stoðþjónustuteymið. Ef þörf er talin á greiningarferli þá er sú leið farin en annars er farin sú leið að skoða námsumhverfi barnsins og starfsfólkið stutt til þess að efla námið og kennsluna áður en ákveðið er að fara í frekari íhlutunarferli.

Námsráðgjöf

Þegar ekki tekst að ráða námsráðgjafa við grunnskóla í Vesturbyggð er leitast við að kaupa þjónustu náms- og starfsráðgjafa í fjarþjónustu og tryggja að nemendur fái í það minnsta lágmarksþjónustu þegar skólagöngu er að ljúka. Skólaárið 2025-6 er ekki starfandi náms- og starfsráðgjafi í Vesturbyggð en leitað verður til starfandi náms og starfsráðgjafa til að sinna eftirfarandi þáttum með fjarviðtölum og fræðslu.

- Veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræða þá um nám, störf og atvinnulíf.
- Leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi.
- Veita nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara að ná settum markmiðum í námi.
- Aðstoða nemendur við að setja sér markmið og gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum
- Veita foreldrum ráð varðandi nám og hegðun barna þeirra.

Áætlanir og stefnur

Móttaka nýrra nemenda

Áætlun um móttöku nýrra nemenda var endurskoðuð nú í haust. Áætlunin er samræmd og gildir fyrir leik- og grunnskóla Vesturbyggðar. [Sjá nánar með því að smella hér.](#) Áætlunin var endurskoðuð haustið 2025 og verður endurskoðuð næst haustið 2027.

Læsisstefna

Markmið með læsisstefnu skólans er að nemendur sýni ásættanlegar framfarir á milli ára og er það markmið skólaársins 2024 – 2025 sem áður fyrr. Gerð var [sameiginleg læsisstefna leik- og grunnskólanna í sveitarfélaginu](#) og þar hefur enn fremur verið sett marmið um að nemendur Vesturbyggðar verði ekki meira en +/- 10% frá lesfímiviðmiðum MMS og verði skólaárið 2024-2025 jafnframt markmið Patreksskóla. Sameiginleg læsisstefna skóla í Vesturbyggð verður endurskoðuð í vetur.

Yfirlit um kannanir og skimanir er að finna í sameiginlegri [læsisstefnu Vesturbyggðar](#) sem gildir þar til ný stefna verður til.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun fyrir Tálknafjarðarskóla er eftirfarandi:

- Kennari / starfsmaður safnar saman sínum bekk eða námshópi og fullvissar sig um að allir séu mættir og viti hvað á að gera þegar merki um hættuástand er gefið.
- Kennari / starfsmaður er tilbúinn með hópinn til að yfirgefa húsið þegar skipun kemur um það eða viðeigandi merki er gefið (merki sem táknar neyðarástand). Kennarinn tekur með sér nemendalista.
- Skilja ber allar eigur eftir í stofunni, s.s. skólatöskur og annað.
- Nota ber þann útgang sem næstur er. Ekki skal farið í útiskó.
- Kennari/starfsmaður fer síðastur og sér til þess að allir nemendur komist út.
- Starfsmenn athuga öruggustu rýmingaleiðir á sínu svæði og aðstoða kennara við að rýma skólann.
- Safna skal hópnum saman á safnsvæði á skólalóð sem er við sandkassann.
- Kennari/starfsmaður skal, þegar út er komið, merkja við í bekkjarskrána til að fullvissa sig um að allir séu komnir út.
- Skólastjórnendur fara yfir starfsmannalista og kanna hvort allt starfsfólk hefur skilað sér.
- Vanti einhvern fer slökkvilið inn og leitar þeirra sem týndir eru.

Í hverri stofu hanga nemendalistar og mynd af flóttaleiðum.

Viðbrögð við óveðri

Mikilvægt er að foreldrar og forsjáraðilar fylgist vel með fréttum af veðri, veðurspám og öðrum tilmælum frá yfirvöldum sem gætu haft áhrif á skóla- og frístundastarf barna og bregðist við í samræmi við aðstæður hverju sinni. Veðurfar og aðstæður geta verið mismunandi eftir hverfum og breyst skjótt með ófyrirséðum hætti.

Mikilvægt er að fólk fari ekki af stað til skóla eða vinnu ef það treystir sér ekki eða er vanbúið til farar, t.d. ef bifreið er ekki búin til vetraraksturs. Leiðbeiningar þessar eiga við „yngri börn“, það er börn yngri en 12 ára. Athugið að hér er aðeins um viðmið að ræða sem er háð mati forsjáraðila.

Skóla- og frístundastarf fellur ekki niður nema tilkynnt sé um það sérstaklega. Í upphafi skóladags getur tafist að fullmanna skóla og mega forsjáraðilar þá búast við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra.

Forsjáraðilar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel. Forsjáraðilar leggja ávallt sjálfir mat á það hvort fylgja þurfi barni í eða úr skóla vegna veðurs, óháð því hvort tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti forsjáraðilar aðstæður svo að ekki sé óhætt fyrir börn þeirra að sækja skóla skulu þeir tilkynna skólanum um það sem lítur þá á tilvikið sem eðlilega fjarvist. Sama gildir ef börn eða forsjáraðilar lenda í vandræðum á leið sinni til skóla og verða frá að hverfa.

Upplýsingar um viðvörðunarkerfi Veðurstofunnar eru að finna [hér](#).

Viðbrögð við óveðrum er að finna í heild sinni [hér](#) og er birt með góðfúslegu leyfi Almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Áfengis- og fíknivarnir

Grunnskólarnir vinna eftir samræmdri áfengis- og fíknivarnaráætlun. [Sjá nánari upplýsingar hér](#). Textinn verður endurskoðaður vorið 2027.

Eineltisáætlun

Umsjónarkennari ber alltaf ábyrgð á sínum nemendum, en fær til liðs við sig eineltisteymi, námsráðgjafa og skólaþjónustuteymi (nemendaverndarráð) eins og þörf er fyrir hverju sinni. Í skólanum er starfandi eineltisteymi, auk þeirra taka sæti í teyminu umsjónarkennarar þess bekkjar/árgangs sem einelti kemur upp í hverju sinni. Hlutverk eineltisteymisins er að halda utan um og aðstoða við vinnslu mála ásamt umsjónarkennara. Enn fremur er teyminu ætlað að vera kennurum til ráðgjafar varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir hvað varðar einelti.

Eineltisteymið starfar samkvæmt [eineltisáætlun skólans](#). Skólastjóri stýrir eineltisteyminu en þegar þetta er skráð er ekki ljóst hverjir verða í teyminu. [Nöfn þeirra sem verða í teyminu verða birt hér](#).

Öryggisáætlun

Ekki liggur fyrir sérstök öryggisáætlun skólans. Mikilvægt er að vinna slíkt skjal sem byggir á húsnæði og aðstöðum í skólanum. Þar til er tekið mið af því sem fram kemur í Handbók um velferð og öryggi og barna í [leik](#) og [grunnskólum](#) frá Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út.

Áfallaáætlun

[Áfalláætlun skólans er til staðar og unnið verður eftir henni ef með þarf](#). Skólastjóri stýrir þeirri endurskoðun og uppfærir það sem nauðsynlegt reynist. Í vetur verður áætlunin uppfærð og löguð að nýrri skólastjórn og í samræmi við áherslur Vesturbyggðar. [Fulltrúar í áfallaráði verða listaðir hér](#).

Áætlanir og stefnur

Hér er yfirlit yfir endurskoðun helstu áætlana í leik- og grunnskólum Vesturbyggðar. Áætlunin verður endurskoðuð í heild sinni á skólaárinu 2025-6 en þær áætlanir sem fyrirhugað er að endurskoða í vetur samkvæmt þessari áætlun, verða endurskoðaðar.

Heiti áætlana:	Endurskoðað síðast	Endurskoðun næst:
Skólareglur	Í vetur	Næst 2027-8
<u>Stoðþjónusta</u> lýsing og fyrirkomulag	Haust 2025	Haust 2028
<u>Eineltisáætlun</u> nemenda	Haust 2026	Haust 2028
<u>Fíkniforvarnaráætlun</u> og texti um áfengis- og vímuvarnir- endurskoðað saman.	Haust 2026 ákveðið að sameina texta.	Vor 2027
Áætlun um innra mat	Haust 2025	Haust 2026
Jafnréttisáætlun	Vor 2026	Vor 2028
Læsisstefna skóla í Vesturbyggð	Haust 2025	Haust 2027
<u>Móttökuáætlun nemenda</u> • Nýir nemendur • Nemendur með annað móðurmál en íslensku • Nemendur með sérstakar þarfir	Haust 2025	Haust 2027
<u>Starfsþróunaráætlun</u>	Ágúst 2025	Ágúst 2027
<u>Skimanir í grunnskólum Vesturbyggðar</u> og námsmatsstefna	Vor 2026	Vor 2028
<u>Skólareglur</u>	Haust 2025	Haust 2027
<u>Starfsmannahandbók</u>	Vor 2026	Vor 2028
<u>Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn</u>	Vor 2026	Vor 2028
<u>Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað</u>	Vor 2026	Vor 2028
<u>Viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna</u>	Haust 2027	Haust 2029
Starfslýsingar	Vor 2026	Haust 2028
Öryggishandbækur leik- og grunn	Vor 2026	Haust 2028

Innra mat

Með innra mati er lagt mat á hvernig starfsfólk skólans stendur sig og við matið horft til viðmiða sem sett eru um gæði skólastarfs. Innra mats teymi vinnur í nánú samstarfi við skólaráð um skipulag og framkvæmd innra matsins.

Langtímaáætlun innra mats til fimm ára er að finna [hérna](#). Gott innra mat er kerfisbundið og er framkvæmt með reglubundnum hætti. Góð leið til þess að kerfisbinda innra mat er að matshópurinn vinni eftir ítarlegri ársáætlun um innra mat.

Áherslur vetrarins í innra mati skv. langtímaáætlun er stjórnun og fagleg forysta

- Samvirkni í stefnumótun
- Faglegt samstarf og samræða
- Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
- Umbætur og innleiðing breytinga
- Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
- Starfsmannastjórnun og verkaskipting
- Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks

Dagsetningar	Hvað á að gera
Sep 8, 2025	Samþykkja áherslur í innra mati í vetur
Oct 6, 2025	Djúpkafa í stjórnun og fagleg forysta
Oct 27, 2025	Foreldrakönnun
Nov 3, 2025	Rýna í starfshætti í forvarnarmálum
Nov 20, 2025	Nemendaping - Bara nemendur
Nov 3, 2025	Starfsmannakönnun - stjórnun og fagleg forysta
Nov 10, 2025	Innlit í kennslustundir - Ásgarður
Nov 24, 2025	Nemendakönnun
Feb 3, 2026	Skólaping (foreldrar, kennarar og nemendur)
Mar 23, 2026	Foreldrakönnun
Mars - apríl	Innlit í kennslustundir skólastjórnendur

Lokaorð

Hjálögð er fyrsta starfsáætlun sem skrifuð hefur verið fyrir Tálknafjarðarskóla eftir að skólinn sameinaðist Vesturbyggð. Fjölmörg verkefni liggja fyrir eins og endurskoðun áætlana og heimasíða skólans. Það er von mín að mikið ávinnist í vetur en á sama tíma er mikilvægt að allir hlutaðeigandi sýni því skilning að sum verkefni munu ekki verða leyst í ár en á næstu árum.

Samstarf skólastjórnenda í Vesturbyggð fer vel af stað og ég hlakka til að taka þátt í að samræma og samstillast verklag allra skólanna.

Ég hlakka til samstarfsins og þakka traustið.

Rakel Guðfinnsdóttir

Skólastjóri Tálknafjarðarskóla